



16-04-1996

JHA/ht

TIL ALLSHERJARNEFNDAR ALÞINGIS

Solveig Pétursdóttir, formaður

Alþingishúsinu

v/Austurvöll

101 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. p 120, 1599

komudagur 19.4.1996

Vegna frumvarps til laga um tæknifrjóvgun

Okkur undirrituðum læknum á Kvennadeild Landspítalans hafa borist breytinga-tillögur allsherjarnefndar við frumvarpið og virðast okkur þær allar vera til bóta. Viljum við þakka nefndinni mikla og góða vinnu sem hún hefur lagt til þessa máls.






Tilfni þessa bréfs er sú gagnrýni sem fram hefur komið, meðal annars frá einstökum þingmönnum, á nafnleyndarákvæði frumvarpsins.

Við teljum það skyldu okkar að gerast málsvarar þess fólks sem við núverandi aðstæður sér þann einn kost til að fæða börn að þiggja kynfrumur frá þriðja aðila. Þessi hópur óskar yfirleitt eindregið eftir gagnkvæmri nafnleynd eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Sama má segja um þorra gefenda kynfruma eins og reynslan erlendis sýnir.

Með því að afnema nafnleyndina er lagður steinn í götu þessa fólks og leiðin gerð erfiðari að settu marki. Jafnframt er því og reyndar öllum þeim sem á síðastliðnum 20 árum hafa valið þessa leið til fjölskyldumyndunar brigslað um að brjóta rétt á börnum sínum. Við vitum að mörgum finnst nærri sér höggvið og trúlega fylgjast flestir grannt með gangi þessa máls þótt fáir eða engir, treystist til að ganga fram fyrir skjöldu.

Nú er það sem betur fer svo, að framfarir í ófrjósemismæðferð hafa dregið verulega úr þörfinni á notkun gjafasæðis. Hér á landi höfum við í nokkur ár stundað glasafrjóvgun sem hjálpar mörgum sem áður hefðu þurft á tæknisæðingu með gjafasæði að halda. Smásjárfrjóvganir munu hjálpa enn fleirum. Við vitum einnig að engir fagna þessum nýjungum innilegar en fólk sjálft og velur þessar leiðir þótt þær séu margfalt dýrari en tæknisæðingin. Reynsla erlendis sýnir enn fremur að tilkoma smásjárfrjóvgana leiðir til mikillar fækkunar tilfella þar sem þörf er á gjafasæði.

Nú hefur verið stefnt að því hér á landi að hefja smásjárfrjóvganir innan 1-2 ára. Við viljum því beina þeim tilmælum til allsherjarnefndar og þingsins að viðhalda nafnleyndarákvæðinu á þann hátt sem gert er ráð fyrir í breytingar-tillögu nefndarinnar. Síðan yrði gert ráð fyrir endurskoðun ákvæðisins, eftir t.d. 5 ár. Teldum við það farsæla lausn fyrir skjólstæðinga vora, ef þingmenn næðu slíkri málamiðlun í góðu samlyndi.


Reynir Tómas Geirsson, prófessor
Auðólfur Gunnarsson, sérfræðingur
Guðmundur Arason, sérfræðingur
Jón Hilmar Alfreðsson, yfirlæknir
Þorður Óskarsson, sérfræðingur